

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 21. júlí 2006, var samþykkt deiliskipulagsbreyting á lóðinni Hagaföt 3 í klasa 5 og 6 á Akranesi.

Breytingin felst í að byggingarreitur breiðkar um 50 cm til hvorrar hliðar, dýpt reitsins helst óbreytt.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 21. nóvember 2006.*

**Þorvaldur Vestmann,**  
sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2006